

## Morgunsöngur

### Hæfniviðmið

Að nemandinn geti:

- Sungið í hópi með skýrum framburði fjölbreytt sönglög og þulur
- Sungið eða leikið á skólahljóðfæri í hóp tónlistaratriði fyrir samnemendur
- Fengið að kynnst fjölbreyttum sönglögum, t.d. íslenskum og erlendum þjóðlögum, rímum, sönglögum frá ýmsum löndum og dægurlögum, bæði gömlum og nýjum.
- Þekkt og kynnst fjölbreyttum hljóðfærum en einkum þeim sem nemendum stendur til boða að læra á í tónlistarskólum bæjarins.

### Kennsluættir

Allir nemendur í 1.-7.bekk og starfsmenn skólans hefja hvern skóladag á morgunsöng undir stjórn tónmenntakennara og skólastjóra. Sungin eru að öllu jöfnu tvö lög auk þess sem skólastjóri getur komið skilaboðum til nemendahópsins.

Mikil áhersla er á að nemendur læri fjölbreytt sönglög og þulur og kynnist þannig fjölmörgum lögum, bæði íslenskum og erlendum frá ýmsum tímum.

Morgunsöngur er einnig nýttur til að flytja leik- og tónlistaratriði fyrir samnemendur. Það eru þá gjarnan atriði sem æfð hafa verið í tengslum við þemu, bæði hjá umsjónarkennurum og tónmenntakennara. Morgunsöngurinn er þannig góður vettvangur fyrir nemendur að koma fram og horfa og hlusta á aðra.

### Námsgögn

- Söngtextar sem varpað er upp á tjald í sal skólans
- Píanó sem undirleikshljóðfæri
- Fjölmörg hljóðfæri, bæði rafmögnuð og órafmögnuð

### Námsmat

- Námsmat er birt sem hluti af námsmati tónmenntar enda eru hæfniviðmið morgunsöngs sameiginleg hæfniviðmiðum tónmenntar.